

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 388/2002 um bindiskyldu.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglnanna verður svohljóðandi:

Eftir útreikning bindiskyldu hverju sinni skal bindifjárhæðin, ásamt áföllnum ófærðum vöxtum hennar, vera jöfn samtölu tveggja eftirtalinna stærða:

a. 1,0% af bundnu ráðstöfunarfé skv. 5. gr.

b. 3,0% af mismuni ráðstöfunarfjár skv. 4. gr. og bundnu ráðstöfunarfé skv. 5. gr.

2. gr.

1. mgr. 9. gr. reglnanna verður svohljóðandi:

Bindiskyld stofnun sem er þátttakandi í greiðslukerfi getur óskað eftir því við Seðlabankann að stofnaður verði sérstakur bindireikningur með tiltekinni innstæðu sem bundin er til eins mánaðar í senn og nota skal við uppgjör ef stofnun vanefnir skuldbindingar sínar í greiðslukerfinu. Innstæða á sérstökum bindireikningi skal frá 1. apríl 2003 ekki vera hærri en helmingur umsaminnar tryggingarfjárhæðar viðkomandi stofnunar. Bankinn setur nánari skilyrði fyrir stofnun og notkun reikningsins sem tilgreind skulu í samningi þar að lútandi. Innstæða á sérstökum bindireikningi telst vera hluti heildarinnstæðu stofnunar vegna bindiskyldu hennar.

3. gr.

Reglur þessar taka gildi 20. mars 2003 og gilda fyrst við útreikning bindiskyldu í mars 2003.

Reykjavík, 10. mars 2003.

Seðlabanki Íslands,

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

Ingimundur Friðriksson
bankastjóri.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Kringilsárrana, Norður-Múlasýslu.

Umhverfissráðherra hefur ákveðið að mörkum friðlands í Kringilsárrana, Norður-Múlasýslu verði breytt, skv. 1.tölulið 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Mörk friðlandsins eru þessi sbr. meðfylgjandi uppdrátt:

Að vestan fylgja mörkin Kringilsá að hniti 1 og þaðan línu sem hugsast dregin eftir hnitum 1-60. Að austan frá hniti 60 fylgja mörkin Jökulkvísl og Jökulsá á Brú. Að sunnan fylgja mörkin frambrún Brúarjökuls. Eftirfarandi hnit 1-60 eru í hnitakerfi ISN93: